

# Fundargerð 156. fundar stjórnar Austurbrúar haldinn 13. desember 2024

Fundurinn haldinn á Teams og hófst kl. 10:00.

**Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru:** Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Þuríður Lillý Sigurðardóttir, Eyþór Stefánsson, Þórdís Mjöll Benediktsdóttir, Axel Örn Sveinbjörnsson, Díana Mjöll Sveinsdóttir og Sæunn Stefánsdóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

**Mætt frá Austurbrú:** Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, Tinna Halldórsdóttir (liður 3) og Valdís Vaka Kristjánsdóttir (liður 2). Jón Knútur Ásmundsson ritaði fundargerð.

**Gestir:** Bryndís Fiona Ford, verðandi framkvæmdastjóri Austurbrúar.

## Dagskrá

1. Fundargerð stjórnarfundar [nr. 155](#) til kynningar.

1. Kynning á fjárhagsáætlun Austurbrúar fyrir 2024

- Valdís Vaka Kristjánsdóttir, verkefnastjóri fjármála, fór yfir fjárhagsáætlun næsta árs og svaraði spurningum stjórnar. Áætlunin borin undir atkvæði og stjórn samþykkti hana samhljóða.

2. Kynning á starfsáætlun Austurbrúar fyrir 2024

- Tinna Halldórsdóttir, yfirverkefnastjóri rannsókna og innri mála, kynnti starfsáætlun komandi árs, lýsti áherslum ólíkra málaflokka og svaraði spurningum stjórnar.

3. Helstu verkefni – skýrsla framkvæmdastjóra

- Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni Austurbrúar frá síðasta fundi sem má glöggva sig betur á í [nýju fréttabréfi](#) stofnunarinnar. Þá fór hún yfir helstu starfsmannamál en í því sambandi má nefna að Dagmar mun láta af störfum í lok janúar og færa sig yfir til Múlaþings. Óljóst er hvenær nýr framkvæmdastjóri kemur að fullu til starfa en það verður á vormánuðum. Í yfirferð framkvæmdastjóra kom fram að Austurbrú verður lokuð frá 23. desember til 2. janúar.

4. Fundadagskrá stjórnar

- Lögð fram tillaga að fundadagskrá stjórnar fyrir vor og sumar 2025 og umræður um hana. Framkvæmdastjóri vinnur málið áfram á milli funda.

5. Önnur mál

- Engin önnur mál til umræðu.

# Undirritunarsíða

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Eypór Stefánsson

Axel Örn Sveinbjörnsson

Díana Mjöll Sveinsdóttir

Sæunn Stefánsdóttir

Þórdís Mjöll Benediksdóttir